

# Reglur um val á landsliði í pílukesti fyrir Evrópumót 2018

## 1. Tímasetning

Evrópumót 2018 verður haldið í Ungverjalandi 25.-29. september 2018. Landslið Íslands, fjórir karlar og fjórar konur, verður valið í maí 2018.

## 2. Stigamót og stigalistar

Stigamót verða eins og venja hefur verið. Vegna evrópumóts 2018 skoðast gild stigamót á tímabilinu júlí 2017 til maí 2018 (báðir mánuðir meðtaldir). Að meðtöldu Íslandsmóti í 501 árið 2018 verða gild mót því a.m.k. 11 talsins. Hjá hverjum keppanda teljast stig fyrir 10 bestu stigamót tímabilsins. (Ef tveir keppendur eru jafnir að stigum. Þá verða öll síðustu 6 mót talin. Ef þeir verða enn jafnir, þá síðustu 3. Ef þeir verða enn jafnir spila þeir 1 leik best af 7.) Ekki er leyfinlegt að taka þátt í hreinu stigamóti í öðrum landshluta en þeim sem þú hefur almenna búsetu í.

Stjórn ÍPS áskilur sér rétt til þess að veita opnum mótum á Íslandi leyfi til stigagjafar, stigagjöf skal fylgja sömu reglum og stigagjöf á Íslandsmeistaramóti í 501. Sé opið mót samþykkt til stigagjafar, verða talin mót fleiri, og 10 bestu mót telja til stiga. (Reglur fyrir opin mót má finna á heimasíðu sambandsins)

## 3. Landsliðsval og úrtökumót

### Karlar:

Efsti maður á stigalista suðurlands fær sjálfkrafa boð um sæti í landsliðinu. (Ef hann afþakkar er ekki farið neðar á lista við sjálfkrafa boðun, heldur gildir þá úrtökumót). Keppendur í 2.-7. sæti suðurlands mæta þeim sem verða í sætum 1-3 á lista Norðurlands í keppni um hin þrjú sætin í liðinu. Ef viðkomandi einstaklingar hyggjast ekki mæta á úrtökumót er heimilt að fara neðar á stigalista. Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi.). Leikið er best af 7.

	S2	S3	S4	S5	S6	S7	N1	N2	N3
S2		1	1	1	1	1			
S3			1	1	1	1			
S4				1	1	1			
S5					1	1			
S6						1			
S7									
N1								1	1
N2									1
N3									

## **Konur:**

Fjórar efstu á stigalista Suðurlands og fjórar efstu á stigalista Norðurlands mætast. Ef viðkomandi einstaklingar hyggjast ekki mæta á úrtökumót er heimilt að fara neðar á stigalista. Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi.) Leikið er best af 7.

	S1	S2	S3	S4	N1	N2	N3	N4
S1		1	1	1				
S2	0		1	1				
S3	0	0		1				
S4	0	0	0					
N1						1	1	1
N2					0		1	1
N3					0	0		1
N4					0	0	0	

## **Ungmennni:**

Stjórn ÍPS ásamt landsliðsþjálfara U18 áskilur sér rétt á vali á ungmönnum til keppnis, verði ungmannaþing til staðar á mótinu. Ungmennni teljast einstaklingar yngri en 18 ára.

### **5. Styrkur vegna ferðakostnaðar**

30.000kr plús 1 keppnistreyja, (*eigi einstaklingur keppnistreyju er styrkurinn 40.000*).

### **6. Frávik og fyrirvarar**

Reglur þessar eiga við evrópumót 2018. Stjórn Í.P.S áskilur sér rétt til að gera nauðsynlegar breytingar á þeim vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna.

Ef sérstakar ástæður þykja gefa tilefni til fráviks frá reglunum áskilur stjórn Í.P.S. (í samráði við landsliðsþjálfara) sér rétt til þess að velja einn keppanda í landslið eða einn keppanda til þátttöku á úrtökumóti (af hvoru kyni). Skal sá einstaklingur keppa við alla bæði að norðan og sunnan og kemur inn með 0 stig á mótið. Skal slíkri ákvörðun fylgja vandaður rökstuðningur. Ef ekki tekst að fylla landslið samkvæmt reglunum þessum getur landsliðsþjálfari ásamt stjórn Í.P.S valið keppendur sem vantar.

Landsliðsþjálfari mun raða/para saman landsliðsmönnum/konum til landsliðskeppnis og þarf ekki að horfa á röðun manna til þess eftir úrtökumót.